Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar **2018**

Verðlaunahafar



Besta myndskreyting á barna- og unglingabók:

Rán Flygenring

Fuglar

Angústúra

Persónuleiki íslenskra fugla, þeirra daglega amstur og umhverfi er dregið upp á einstaklega skemmtilegan hátt. Í teikningum Ránar er mátuleg blanda af kæruleysi og vandvirkni, skopi og alvöru. Texti og myndir skapa sterka heild og vitna um litanæmi og listfengi. Magnaðar teikningar sem vekja áhuga ungra lesenda – og lesenda á öllum aldri – á fræðandi efni.

Besta frumsamda barna- og unglingabókin:

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Vertu ósýnilegur

Mál og menning

Lesanda er boðið upp á margþætta sögufléttu í hringiðu hrikalegra stríðsátaka. Í liprum og raunverulegum lýsingum er fjallað um baráttu fólks til að lifa venjulegu lífi þrátt fyrir stríðsógnina. Á sama tíma er fjallað um viðkvæmar tilfinningar unglinga og ungs fólks, samskipti og samskiptavanda. Það getur verið erfitt að aðlagast og sættast við framandi samfélag og víða hamla fordómar og vanþekking eðlilegum samskiptum.





Besta þýðingin á barna- og unglingabók:

Magnea J. Matthíasdóttir

Kvöldsögur fyrir uppreisnargjarnar stelpur

Mál og menning

Í stuttum frásögnum er sagt frá hundrað stelpum sem á ýmsan máta voru og eru uppreisnargjarnir brautryðjendur. Þýðing Magneu nær vel utan um snarpan og einfaldan stíl bókarinnar og framkallar það sem höfundarnir óska sér; löngun til að leita meiri upplýsinga um hverja og eina af þessum stelpum.

BARNABÓKAVERÐLAUN REYKJAVÍKURBORGAR

BBS2018